

Sp.

61. Fyrirspurn

[56. mál]

til fjármálaráðherra um innflutning á áfengi og tóbaki.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Óskað er eftir skrá yfir þær tegundir áfengis og tóbaks, sem ÁTVR hefur til sölu, og íslenska umboðsmenn hverrar tegundar.

Hve há umboðslaun eru greidd þessum íslensku milliliðum, hvernig er eftirliti háttáð af hálfu íslenskra stjórnvalda og hvernig er tryggt að umboðsmenn fái ekki greiðslur í gjaldeyri í trássi við íslensk lög?

Hverjar eru umboðslaunatekjur þeirra 20 Íslendinga, sem hæst umboðslaun fengu fyrir innflutt áfengi og tóbak árið 1976, og hverjir voru þeir?

Telja stjórnendur ÁTVR sig hafa hagræði af því að erlendir áfengis- og tóbaksframleiðendur ráði í þjónustu sína íslenska milliliði?

Njóta umboðsmenn erlendra áfengis- og tóbaksframleiðenda einhverra friðinda í sambandi við kaup á áfengi og tóbaki?

Óskað er eftir skriflegu svari.